

Dalabyggð, kt. 510694-2019, hér eftir í samningi þessum nefnt leigusali og **Dalahestar ehf.** kt. 650418-0930, hér eftir í samningi þessum nefnd leigutaki gera með sér svofelldan

LEIGUSAMNING

1. gr.

Hið leigða er hluti vörugeymslu er stendur á lóðinni Fjósaland, fastanúmer 211-6895, í deglegu tali nefnt hlaðan á Fjósum. Stærð hins leigða er u.þ.b. 70 m².

2. gr.

Leigutaki nýtir húsnæðið til að hýsa móttöku, reiðtygi, hjálma, hlífðarfatnað o.fl. vegna hestaleigu. Hross og annar búfénaður er ekki leyfður í húsinu. Önnur notkun hússins er óheimil nema með samþykki leigusala.

3. gr.

Leigutími er þrjú ár frá **1. janúar 2025 til og með 31. desember 2027 eða 36 mánuðir**. Möguleiki er á framlengingu leigutíma til eins árs í senn, allt að tvisvar sinnum.

4. gr.

Leiguverð er í samræmi við gjaldskrá Dalabyggðar fyrir Fjósa hverju sinni, sem fyrir 2025 er **kr. 25.958 kr.- pr. mánuð** og greiðist leiga í lok hvers mánaðar.

5. gr.

Í húsinu er rafmagn en ekki upphitun. Leigusali greiðir rafmagnskostnað.



6. gr.

Rísi mál út af samningi þessum er hvorum aðila um sig heimilt að reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands.


Samningur þessi er gerður í þremur eintökum, einu handa hvorum aðila og einu til þinglýsingar. Leigutaki sér um þinglýsingu og greiðir þinglýsingarkostnað.



09.12.2024

Staður og dagsetning


F.h. Dalabyggðar (leigusala)  F.h. Dalahesta (leigutaka) 
m. fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Vottar (nafn og kt.):

 
Nafn Kennitala

 
Nafn Kennitala